

# STARFSÁÆTLUN 2020 - 2021

## VINAHÓLL

## FRÍSTUND

## KÁRSNESSKÓLA



Guðmundína Sigurrós Ólafsdóttir  
daegradvol@kopavogur.is

## Starfsáætlun – Vinahóll - frístund Kársnesskóla.

### Hagnýtar upplýsingar.

Vinahóll frístund er fyrir börn í 1- 4 bekk. Vinahóll er staðsettur í Hallargarðinum á skólalóð Kársnesskóla við Kópavogsbraut. Fjöldi skráðra barna er 170. Forstöðumaður í Vinahóli er Sigurrós Ólafsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Júlía Guðmundsdóttir. Sími í Vinahóli frístund er 441- 4634 netfang er [daegradvol@kopavogur.is](mailto:daegradvol@kopavogur.is)

Vinahóll er opinn frá því að skóla lýkur á daginn kl. 13:20- 17:00 þá daga sem skólinn starfar. Opið er í Vinahóli á foreldraviðtals/ skipulagsdögum skólans frá kl. 8:00 – 17:00. Skrá þarf sérstaklega börnin þessa daga í „lengd viðvera“ áður en lokað er fyrir skráningu <https://innskraning.island.is/?id=valais&path=%2fvala-fristund-vetur> Einungis er tekið við skráðum börnum þessa daga. Ekki er opið í vetrarfríum skólans.

Vinahóll hefur 2 starfsdaga fyrir starfsfólk einn á hvorri önn og eru þeir 19. nóvember 2020 og 17. mars 2021. Þá daga er lokað. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda.

Í Vinahóli er lögð áhersla á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálsan leik og markvissa útivist. Útivist er alla daga kl. 13:20 til kl. 14:30/ 15:00. Minnt er á að börnin komi í hlýjum og skjólgóðum fötum fyrir útiveru.

Í Vinahóli dvelja börn við leik og skapandi störf í umsjá frístundaleiðbeinenda eftir að skóla lýkur.

Börnin eru skráð inn í Vinahól og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför. Frístund notar skráningarkerfi sem heitir „Vala“.

**Forföll tilkynnist fyrir kl.12:30 í síma Vinahóls 441-4634 netfang er [daegradvol@kopavogur.is](mailto:daegradvol@kopavogur.is)** Ef breyting verður á því hver sækir barnið og/ eða barnið má fara heim með öðrum verður að tilkynna það í síma Vinahóls fyrir kl. 12:30 á daginn. **Eru foreldrar beðnir að hringja ekki í Vinahól milli kl. 12:30 – 17:00 nema nauðsyn krefji.**

### Sumaropnun

Sumaropnun er val sem er aðlögun fyrir verðandi fyrstu bekkinga hálfan mánuð í lok ágúst. Einnig er opið á viðbótadögum eftir skólaslit ef skólaslitin eru á öðrum vikudögum en föstudegi í júní. Opið er í jóla og páskafríi. Skrá þarf barn sérstaklega í þessa opnunardaga í **þjónustugátt**, sjá gjald á heimasíðu Kópavogsbæjar. Ekki er hægt að taka við óskráðum börnum.

### Skráning/ Umsóknir.

Umsóknir um áskrift í frístund fara eingöngu fram í **þjónustugátt Kópavogsbæjar**. <http://www.kopavogur.is/thjonusta/skolar/grunnskolar/daegradvol/>

Frestur til þess að sækja um áskrift, breyta áskrift, segja upp áskrift og sækja um afslátt er til 20. hvers mánaðar. Breytingar taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

### Gjaldskrá.

Samræmt gjald er fyrir vist í frístund í Kópavogi. Gjaldflokkarnir eru fjórir og miðast þeir við eina, tvær, þrjár eða fjórar klst. á dag. Síðdegishressing á dag kostar 147 kr. Sjá gjaldskrá á heimasíðu Kópavogsbæjar.

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/fristundir/fristund>

## **Afslættir í frístund.**

Allar nánari upplýsingar um systkinaafslætti og aðra afslætti er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

## **Innheimta og uppsögn.**

Innheimta dvalar- og síðdegishressingar fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Dvalargjöld skulu greiddast fyrir fram í hverjum mánuði.

Gjaldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtuleglum Kópavogsbæjar. Ef skuldin er komin á þriðja mánuð er plássinu sagt upp frá og með næstu mánaðamótum þar á eftir. Ef um eldri skuldir er að ræða hefur það áhrif á vistun í frístund og getur haft þær afleiðingar að barn fær ekki pláss.

## **Starfið í vetur – 1- 2. bekkur frístund.**

Í Vinahóli er lögð áhersla á jákvæð samskipti og vellíðan barna. Gildi Vinahóls eru þau sömu og í Kársnesskóla sem eru þekking, virðing, ábyrgð og ánægja. Starfsmenn Vinahóls ber að fara eftir samskiptastefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem leitast eftir að efla innri hvata barna til að verða gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Börn fá tækifæri til þess að læra af mistökum sínum og sýna hvort öðru tillitsemi. Markmið Vinahóls er að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggilegan hátt, efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu og bjóða upp á öruggt umhverfi.

Með markvissri útiveru sem er frá 13:20 til 14:30 er stuðlað að líkamlegu heilbrigði barnanna og frjálsum leik þeirra. Eftir útiveru er boðið upp á val frá 14:30-15:40. Í vali gefst börnum kostur á að velja úr ýmsum athöfnum líkt og að fönndra, púsla, spila, leika í dúkku- og bílaleikjum o.fl. í umsjón frístundaleiðbeinenda. Í valinu notast börnin við frjálsan leik sem stuðlar að félagsþroska og aukinni samskiptafærni. Frjáls leikur barnanna veitir þeim einnig tækifæri til þess að vinna saman að ákveðnum markmiðum.

Tímar með kennurum eru aldurskiptir og er börnunum skipt í hópa: Sara Haraldsdóttir og Kristján Jónsson kenna íþróttir.

Ingi Tandri Traustason, skákmeistari kennir börnunum skák.

Í lok dags er börnum boðið ýmist að spila sem reynir á samvinnu eða í skipulagða leiki sem efla samskipti og félagsfærni.

Síðdegishressing er kl. 13:30 – 14:20 þau börn sem fara í íþróttavagna/ íþróttir fá sér hressingu kl. 13:30.

Sjá nánara dagsskipulag á heimasíðu skólans.

## **Starfið í vetur – 3. bekkur frístund/ klúbbastarf.**

Á mánudögum og föstudögum er boðið upp á val milli, frjáls leiks, fönndurs, legó, púsl, og spil í umsjá frístundaleiðbeinenda.

Klúbbastarf er hópaskipt með kennurum á þriðjudögum, miðvikudögum, og fimmtudögum frá kl. 13:30 – 14:30. Síðdegishressing kl. 14:30 - 14:45, þau börn sem fara í fyrri íþróttavagna drekka kl. 13:30.

Útivist mánudaga og föstudaga er skipulagðir leikir og frjálst kl. 13:20 – 14:30 á þri, mið og fimmtudögum kl. 14:45 – 15:15.

Kl. 16:00 fara þau börn sem eru með lengri viðveru yfir í Vinahól frístund.

Sjá nánar dagsskipulag á heimasíðu skólans.

### **Starfið í vetur – 4. bekkur klúbbastarf.**

Á þriðjudögum, miðvikudögum, og fimmtudögum eru börnin í hópum með kennurum frá kl. 13:30- 14:30. Síðdegishressing kl. 14:30 - 14:45.

Á mánudögum og föstudögum mæta börnin kl. 13:20- 14:30 þá er útivist og síðdegishressing kl. 14:15 - 14:30. Sjá nánar dagsskipulag á heimasíðu skólans.

### **Samstarf við íþróttá- tómstundastarf.**

Félögin Breiðablik, Gerpla og H K hafa sameinað frístundarútur sem eru á ferð alla daga vikunnar. Þetta eru tveir vagnar sem byrja í sitthvorum enda bæjarins og mætast á miðri leið og fara svo alveg eins til baka. Sjá tímatöflu frístundarútu hjá íþróttafélögum.

Við sjáum um að koma börnunum í vagnana ef foreldrar óska. Foreldrar þurfa að vega og meta hvort barnið ráði sjálft við að fara úr frístundavagni á réttum stað, það er stórt skref að fara sjálfur á æfingu. Ábyrgð frístundar á börnunum nær einungis til þess að passa uppá að þau fari í réttan vagn á réttum tíma.

Við sendum líka börnin á sundæfingar hjá Breiðablik í sundlaug Kópavogs.

Tónlistarskóla Kópavogs Hamraborg.

Leynileikhúsið kennsla í Kópavogsskóla.

Kirkjustarfið er í safnaðarheimili Borgum Kópavogskirkju, starfsmenn frá þeim sækja börnin.

### **Skólabragur/ reglur.**

Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og allir fái að njóta sín. Að börnin séu virkir þátttakendur í leik og starfi og fái tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik. Í Vinahóli frístund/ klúbbastarfi er lögð áhersla á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálstan leik og markvissa útivist.

### **Ágreiningsmál**

Ef upp kemur stríðni eða einelti þá fylgjumst við vel með samskiptum í samvinnu við skólann og haft er samband við foreldra. Sömu reglur eru í Vinahól og skólanum. Hvað varða slík mál þá er haft samband við foreldra og farið vel yfir málin.

### **Barnaráð.**

Barnaráð er vettvangur barnanna til að hafa áhrif á starfið í Vinahóli og taka ákvarðanir varðandi dagskrá, gildi og ýmislegt sem upp kemur í daglegu starfi. Hugmyndakassi er staðsettur í Vinahóli og barnaráðið fer yfir hann reglulega. Markmið ráðsins er að heyra raddir barnanna varðandi væntingar þeirra vonir og fleira til frístundar. Með virku barnalýðræði er stefnt að því að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Í barnaráði sitja forstöðumaður og einn Frístundaleiðbeinandi ásamt börnunum, árgangar aldurskipt. En barnaráð mun ávallt vera val fyrir barnið og ef það vill ekki taka þátt, þá hefur það val um að gera annað. Fundað er einu sinni í mánuði. Á fundum barnaráðsins læra börnin lýðræðisleg vinnubrögð eins og að hlusta hvert á annað og fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

### **Foreldrasamstarf.**

Lögð er áhersla á gott samstarf milli foreldra og Vinahóls. Forstöðumaður sendir út eitt fréttabréf á hvorri önn, við sendum tölvupóst með tilkynningum þegar þarf, látum inn á facebook. Öllum póstum sem berast er svarað samdægurs og öll skilaboð sem berast er farið yfir um leið og þau berast. Dagskipulag fyrir Vinahól frístund/ klúbbastarf ásamt hópaskiptingu fyrir hvora önn í klúbbum er sent til foreldra. Við erum með lokaða facebook síðu sem heitir **Vinahóll - Kársnesskóli** og er eingöngu fyrir foreldra skráða barna í Vinahól frístund/ klúbbastarf. **Þeir foreldrar sem ekki vilja láta birta myndir af börnum sínum á facebook eru beðnir að láta forstöðumenn vita [daegradvol@kopavogur.is](mailto:daegradvol@kopavogur.is) .**

## **Öryggi og verkferlar.**

### **Inn- útskráningar barna.**

Í byrjun hvers dags er farið yfir fjarveru barna í Mentor. Börnin eru skráð inn Kl. 13:20 eða um leið og skóla lýkur í Vinahól frístund/ klúbbastarf og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför.

### **Barn mætir ekki.**

Ef barn mætir ekki á skráðum degi er haft samband við ritara og kennara og leitað eftir upplýsingum sem gætu útskýrt fjarveru þess. Leitað er í húsnæði skólans og á skólalóð og haft verður samband við foreldra og lögreglu ef þarf.

### **Á ferð með börnin.**

Þegar farið er í ferðir þá er tekin nafnalisti, börn talin, börn í tvöfaldri röð, starfsmenn fremst og aftast og dreifa sér á hópinn.

### **Að fara í frístundavagna.**

Þeir foreldrar sem nota þjónustu íþróttavagna skrá það í viðveru barns vala.is í tómsundur hvaða daga og kl. hvað æfing byrjar. Við þurfum upplýsingar um tímasetningu á vagninum sem barnið á að taka. Frístundaleiðbeinandi kemur barni í réttan vagn. Starfsmaður íþróttavagns tekur svo við barninu.

### **Alvarleg slys.**

Þegar um alvarleg slys er að ræða þá er veitt fyrsta hjálp hringt í 112 og skýrsla gerð. Haft er samband við foreldra strax.

### **Minni áverkar.**

Gert er að áverkum með búnaði í sjúkrakassa á staðnum. Haft er samband við foreldra.

### **Hressing.**

Boðið er uppá smurt brauð, drykki og ávexti frá kl. 13:30 - 14:45 í borðsal Kársnesskóla.

### **Rýmingaráætlun.**

Ef að viðvörðunarkerfi fer í gang þá er húsnæði rýmt. Börnin fara í bekkjaraðir á skólalóð skráningar blöðin tekin og fram fer nafnakall.

### **Innra mat.**

Forstöðumaður fundar með starfsmönnum í upphafi dags kl. 13:00- 13:20.

Deildarstjóri fundar með starfsmönnum einu sinni í mánuði og skólastjóri einu sinni á hvorri önn. Farið er yfir mál sem koma inn, rætt um hvað betur má gera og skipulag í heild.

Í vetur sendir skólastjóri út foreldrakönnun til foreldra barna í Vinahól frístund/ klúbbastarfi sem hægt er að skoða á heimasíðu skólans þegar búið er að rýna niðurstöðurnar.

### **Símenntunaráætlun.**

Starfsmenn Vinahóls fara á námskeið í skyndihjálpi á tveggja ára fresti.

Farið er yfir með starfsmönnum þarfi barna með greiningar. Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir stjórnendur og starfsfólk frístunda.

## Listi yfir starfsfólk og starfsheiti.

### Vinahóll 1. – 2. bekk starfsmenn.

Sigurros Ólafsdóttir. Forstöðumaður Vinahól.  
Júlía Guðmundsdóttir. Aðstoðarforstöðumaður Vinahól.  
Anna Hansen Davíðsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Ana Djurovic. Frístundaleiðbeinandi.  
Ása Júlía Aðalsteinsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Elísa Líf Guðrúnardóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Gabríela Mist Lúðvígsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Írena Birta Gísladóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Kristín Auður Stefánsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Natalia Irena Bronszewska. Frístundaleiðbeinandi.  
Rúna Björg Ársælsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.  
Snezana Zeljkovic. Frístundaleiðbeinandi.  
Ólöf Helga Hilmarsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.

### Kennarar 1 – 2. bekk Vinahóll.

Kristján Jónsson. Íþróttakennari.  
Sara Jóna Haraldsdóttir. Íþróttakennari

### Klúbbastarf 3- 4. bekk starfsmenn.

Sigurros Ólafsdóttir. Forstöðumaður Vinahól.  
Guðmundur Arnþór Hreinsson. Frístundaleiðbeinandi.  
Frístundaleiðbeinandi.

### Kennarar klúbbar 3. bekk og 4. bekk..

Þriðjudagar :

Guðni Páll Kárasón. Íþróttakennari – íþróttir/ hreyfing.  
Halldóra Ágústsdóttir. Myndmenntakennari – handverk.  
Þóra Martinsdóttir. Tónmenntakennari – leikir.

Miðvikudagar :

Álfheiður Björgvinsdóttir. Tónmenntakennari – tónlistarsmiðja.  
Guðrún Ólafsdóttir. Kennari – bókasafn.  
Kristján Jónsson. Íþróttakennari - útivist.

Fimmtudagar :

Guðjón Már Sveinsson. Kennari - stæ. fr .þrautir/ spil.  
Guðmundur Arnþór Hreinsson. Frístundaleiðbeinandi – gaman saman.  
Halldóra Ágústsdóttir. Myndmenntakennari – myndmennt.

Skipulag klúbbastarfsins í 3 og 4. bekk byggist á kennaratímum þrisvar í viku frá kl. 13:30 – 14:30.

Á mánudögum og föstudögum dvelja nemendur við leik og starf með frístundaleiðbeinendum.

### Skákkennsla 1- 4. bekk.

Ingi Tandri Traustason. Skákmeistari - Skákkennsla.